

REGLUGERÐ

um (11.) breytingu á reglugerð nr. 577/2013 um snyrtivörur.

1. gr.

Við 7. gr. reglugerðarinnar bætast við þrjár nýir stafliðir sem orðast svo:

- v) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1224 frá 6. júlí 2017 um breytingu á V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur, sem vísað er til í tölul. 1a, XVI. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 196/2017, þann 27. október 2017. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 74 frá 16. nóvember 2017, bls. 42-44.
- w) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1410 frá 2. ágúst 2017 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur, sem vísað er til í tölulið 1a, XVI. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 230/2017, þann 15. desember 2017. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 7 frá 1. febrúar 2018, bls. 449-451.
- z) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1413 frá 3. ágúst 2017 um breytingu á IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur, sem vísað er til í tölulið 1a, XVI. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 230/2017, þann 15. desember 2017. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 7 frá 1. febrúar 2018, bls. 452-454.

2. gr.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á eftirtöldum EES-gerðum:

- a) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1224 frá 6. júlí 2017 um breytingu á V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur.
- b) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1410 frá 2. ágúst 2017 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur.
- c) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1413 frá 3. ágúst 2017 um breytingu á IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í c-lið 7. töluliðar 1. mgr. 11. gr. efnalaga nr. 61/2013.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 22. febrúar 2018.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.